

Fimmtudaginn 17. nóvember 1994.

Nr. 439/1994.

Íslandsbanki hf.

(Jón G. Briem hrl.)

gegn

Auðuni hf.

(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 20. október 1994, sem barst réttinum 3. nóvember sl. Kæruheimild er í 85., sbr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands, upp kveðinn 14. október 1994, þar sem nauðungarsala, sem fór fram að kröfu sóknaraðila á vélskipinu Drangavík, þinglýstri eign varnaraðila, er felld úr gildi. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og staðfest verði gildi nauðungarsölnunnar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en um málskostnað, sem hann krefst, að verði hækkaður frá því, sem þar var ákveðið. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Í hinum kærða úrskurði er greint frá auglýsingu sýslumannsins í Vestmannaeyjum um nauðungarsölu á vélskipinu Drangavík, sem birtist í Lögbirtingablaði 22. apríl 1994 og varnaraðili telur slíka annmarka hafa verið á, að varði ógildinguna nauðungarsölnunnar. Tilgangur auglýsingar eins og þessarar, sem er gefin út á grundvelli 19. gr. laga nr. 90/1991, er aðallega að gera þeim, sem njóta óbeinna eignarréttinda í viðkomandi eign, viðvart um, að krafist hafi verið nauðungarsölu á henni, svo að þeim gefist kostur á að gæta þar hagsmuna sinna. Á auglýsingunni, sem hér um ræðir, voru að sönnu þeir annmarkar, að misritun varð á nafni varnaraðila, sem var gerðarþoli við nauðungarsöluna, auk þess, að ekki var getið um-dæmisnúmers vélskipisins Drangavíkur, sem er VE-555. Nafn skips-

ins kom á hinn bóginn réttilega fram í auglýsingunni ásamt föstu skipaskrárnúmeri þess. Eins og hér stóð á, verður að telja, að upplýsingar um þessi síðastgreindu atriði hafi nægt til að ná þeim tilgangi, sem birtingu auglýsingar um nauðungarsölu í Lögbirtingablaði er ætlað, þótt fyrrnefndir annmarkar hafi verið á henni. Er þá til þess að líta, að veðhöfum og öðrum, sem kunna annars að hafa notið óbeinna eignarréttinda í eigninni, átti ekki að geta dulist, um hvaða eign væri þar að ræða. Er því ekki næg ástæða til að fella nauðungarsöluna úr gildi af þessum sökum.

Að öðru leyti hefur varnaraðili vísað til þess, að undirbúningi nauðungarsölnnar hafi verið áfátt vegna þess, að áðurnefnd auglýsing um hana í Lögbirtingablaði hafi verið ranglega dagsett, svo og, að sýslumanni hafi láðst, þegar lokið var að leita boða í eignina við byrjun uppboðs, að taka ákvörðun um, hvar framhaldsuppboð á henni yrði háð. Um fyrrnefnda atriðið verður að líta til þess, að dagsetning auglýsingar, sem er reyndar ekki skylt að tilgreina samkvæmt 19. gr. laga nr. 90/1991, getur engu breytt um, hvort auglýsingin gegni því hlutverki, sem áður var getið. Þá felst ekki í síðarnefnda atriðinu annmarki á framkvæmd nauðungarsölu, eins og berlega má sjá af orðalagi 2. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1991. Eru þessar málsástæður varnaraðila því haldlausar.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á, að slíkir annmarkar hafi verið á framkvæmd nauðungarsölnnar á vélskipinu Drangavík, að ógilding hennar varði. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og krafa sóknaraðila um viðurkenningu á gildi nauðungarsölnnar tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum málsins verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem til samans þykir hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Viðurkennt er gildi nauðungarsölu á vélskipinu Drangavík, VE-555, skipaskrárnúmer 2048.

Varnaraðili, Auðunn hf., greiði sóknaraðila, Íslandsbanka

hf., 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kæru-
málskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 14. október 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 28. f. m. að loknum munnlegum málf lutningi, barst dóminum með tilkynningu sóknaraðila, dagsettri 10. ágúst 1994, en mótttekinni 18. ágúst s. á., þar sem farið var fram á, að dómurinn leysti úr ágreiningi um gildi nauðungarsölu nr. 34/1994 á Drangavík, VE 555, skipaskrárnúmer 2048, þinglýstri eign Auðuns hf., sem fram fór á skrifstofu sýslumannsins í Vestmannaeyjum 28. júlí 1994, en um framhaldsölu var að ræða. Samhliða hafði sóknaraðili á grundvelli 3. mgr. 55. gr. laga nr. 90/1991 uppi kröfu um, að dómurinn tæki til úrskurðar, hvort gerðarþola í uppboðsmálinu bæri að afhenda skipið, áður en lyktir fengjust í málinu. Dómarinn fékk málið til meðferðar 26. ágúst sl., og með því að tilkynningin og gögn, er henni fylgdu, voru í samræmi við ákvæði 81. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sbr. 82. gr. laganna, sætti málið meðferð í samræmi við ákvæði XIV. kafla laganna.

Úrskurður um umráðakröfu sóknaraðila var kveðinn upp 23. september sl., og var þar tekin til greina krafa hans að þessu leyti, sbr. dskj. 43.

Upphaflega skyldi munnlegur málf lutningur í málinu fara fram 27. september sl., en vegna frávísunarkröfu varnaraðila var málið í því þinghaldi munnlega flutt um frávísunarkröfuna, og í úrskurði dómarans daginn eftir, 28. september sl., var frávísunarkrafan ekki tekin til greina og varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila 35.000 krónur í málskostnað, sbr. dskj. nr. 44.

II.

Sóknaraðili málsins er Auðunn hf., kt. 621276-0779, Norðurhöfn, Vestmannaeyjum, en varnaraðili Íslandsbanki hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að nauðungarsala á Drangavík, VE 555, skipaskrárn. 2048, sem fram fór hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum 28. júlí 1994, verði felld úr gildi og varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að hafnað verði kröfum sóknaraðila í málinu og staðfest verði gildi nauðungarsölu þeirrar, sem fram fór hjá sýslumannsembættinu í Vestmannaeyjum 28. júlí 1994, á fiskiskipinu

Drangavík, VE 555 (skipaskrárnúmer 2048), og að sóknaraðili greiði varnaraðila hæfilegan málskostnað auk 24,5% virðisaukaskatts á málskostnaðarfjárhæð.

V.

Þegar sýslumaður tók uppboðsbeiðni varnaraðila formlega fyrir, bar honum af sjálfsdáðum að gæta að því, hvort við undirbúning og framkvæmd nauðungarsölnunnar hefði verið fylgt fyrirmælum laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sbr. 22. gr. laganna. Í því sambandi bar sýslumanni sérstaklega að huga að því, hvort uppboðsbeiðnin og fylgigögn hefðu réttlætt aðgerðir af hans hálfu, hvort tilkynningar hefðu verið sendar gerðarbeiðanda og gerðarþola og fylgt verið fyrirmælum laganna í því sambandi, og loks, hvort við auglýsingu í Lögbirtingablaðinu hefði verið fylgt fyrirmælum laganna. Það var mikilvægt fyrir sýslumann að huga vel að þessum atriðum öllum, því að ef teljandi annmarkar reynast vera á þeim, verður sýslumaður að stöðva frekari aðgerðir. Af endurriti úr gjörðabók (dskj. 1, 8) verður ekki ráðið, að sýslumaður hafi, er hann tók nauðungarsölnuna fyrir 24. maí 1994, hugað sérstaklega að því, hvort auglýsingin í Lögbirtingablaðinu fullnægði þeim formskilyrðum, sem tilgreind eru í 19. gr. laganna. Í þessu sambandi er óumdeilt, að auglýsingin í Lögbirtingablaðinu hafði annmarka, en málsaðilar eru ekki á eitt sáttir um það, hvort annmarkarnir teljist verulegir.

Uppboðsbeiðni varnaraðila (gerðarbeiðanda) beindist ekki að hlutafélaginu Auðuni hf., og mátti því eigi tilgreina það hlutafélag sem gerðarþola, er sýslumaður auglýsti í Lögbirtingablaðinu, hvenær uppboðsbeiðnin yrði tekin fyrir. Auglýsing, er tilgreinir rangan uppboðsþola, er marklaus. Það er einnig auglýsing, sem er í fullu ósamræmi við fyrirliggjandi uppboðsbeiðnir, en tilgreind auglýsing var einmitt slíku marki brennd. Verulegur annmarki var því á auglýsingu þeirri, sem birtist í 44. tbl. 87. árg. Lögbirtingablaðs frá sýslumanninum í Vestmannaeyjum og varðaði þrjár beiðnir, er embætti sýslumanns hafði borist frá Íslandsbanka hf. um uppboð á mb. Drangavík, VE 555, skipaskrárn. 2048. Við fyrirtöku málsins 24. maí 1994 bar sýslumanni að stöðva uppboðsmeðferðina, bóka ákvörðun um nýjan fyrirtökudag og tilkynna gerðarþola (Auðuni hf.) um hina nýju fyrirtöku málsins í samræmi við 16. gr. laganna, en færa jafnframt til bókar ákvörðun um nýja auglýsingu nauðungarsölnunnar. Að þessu loknu bar sýslumanni að gefa út nýja auglýsingu til birtingar í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 1. mgr. 19. gr. laganna. Með þessu móti var sýslumaður, í samræmi við lagaskyldu sína, búinn að tryggja, að framkvæmd nauðungarsölnunnar færi að lögum,

en hann mátti undir engum kringumstæðum halda áfram með uppboðið, án þess að úr annmarkanum yrði bætt. Þegar litið er til þess, að sýslumanni bar af sjálfsdáðum að bæta úr ágöllum þegar við fyrirtöku á uppboðsbeiðninni, verður sóknaraðila ekki um það kennt, þótt hann hafi ekki mót-mælt framgangi uppboðsins fyrr en eftir byrjun uppboðs.

Með því að framkvæmd nauðungarsölnunnar var ekki í samræmi við lög nr. 90/1991 um nauðungarsölu, ber að kröfu sóknaraðila, Auðuns hf., að fella úr gildi nauðungarsölu á Drangavík, VE 555, skipaskrárn. 2048, sem fram fór hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum 28. júlí 1994. Varnaraðili, Íslandsbanki hf., greiði sóknaraðila, Auðuni hf., 70.000 krónur í málskostnað.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Nauðungarsala á Drangavík, VE 555, skipaskrárn. 2048, sem fram fór hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum 28. júlí 1994, er felld úr gildi, og greiði varnaraðili, Íslandsbanki hf., sóknaraðila, Auðuni hf., 70.000 krónur í málskostnað.
